



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Greinargerð með fjárhagsáætlun 2021

Greinargerð með 3ja ára áætlun 2022 - 2024

Fyrri umræða í bæjarstjórn 30. nóvember 2020

Efnisyfirlit

Greinargerð með fjárhagsáætlun 2021	3
Greinargerð með 3ja ára áætlun 2022 – 2024	13

Greinargerð með fjárhagsáætlun fyrir árið 2021

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Árborgar fyrir árið 2021 er lögð fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn mánudaginn 30. nóvember 2020. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum skal fjalla um fjárhagsáætlun á tveimur fundum í sveitarstjórn og verður seinni umræðan í bæjarstjórn 16. desember næstkomandi.

Fjárhagsáætlun kann að taka einhverjum breytingum á milli umræðna.

Grunnur fjárhagsáætlunar 2021-2024 byggir á útkomuspá fyrir árið 2020.

Almenna reglan er að tölulegur hluti fjárhagsáætlunar ræður ef misræmi kann að vera á milli texta í greinargerð og tölulega hlutans.

I Inngangur

Það frumvarp að fjárhagsáætlun sem hér er lagt fram til fyrri umræðu lýsir í fljótu bragði því gríðarlega áfalli sem fjárhagur sveitarfélaga hefur orðið fyrir og blasir áfram við á komandi ári.

Það er ekki gleðiefni að taka til afgreiðslu fjárhagsáætlun með halla í A-hluta upp á ríflega milljarð króna og halla á samstæðu upp á 842 milljónir króna eða sem svarar til 6.6% halla af heildartekjum. Þetta er í raun óásættanlegt og lagt verður kapp á að gera tillögur milli umræðna til lækkunar á þessum halla.

Starfsfólk hefur að undanfögnu lagt kapp á að rýna þær tölur sem liggja fyrir í frumvarpinu til að kanna hvar grípa megi til sérstakra aðgerða til að spyrna gegn miklu halla og hefur fjármálasvið forgöngu í því verkefni. Hætt hefur verið við ráðningu í ýmis stöðugildi sem annars voru hugsuð til að ná betri árangri í rekstri sveitarfélagsins og/eða bæta þjónustu til að draga úr kostnaði. Sú staðreynd og áskorunin sem felst í framlagðri fjárhagsáætlun þýðir að starfsfólk mun leggja enn harðar að sér við að forgangsraða verkefnum þannig að rekstrargreiningar og allt sem getur orðið til að lækka rekstrarkostnað verði í hæsta mikilvægi næstu mánuðina.

Það eru nokkrar lykilástæður fyrir því að rekstur sveitarfélagsins á árinu 2021 lítur sérstaklega illa út. Talsvert atvinnuleysi verður áfram til þess að útsvarstekjur verða lægri en ella. Miklar launahækkningar og breytingar á umhverfi leikskóla skekkja einnig myndina og lendir sá kostnaður í meira mæli á útgjöldum sveitarfélaga heldur en hann skilar sér í auknum útsvarstekjum.

Árið 2021 hefur íbúum í Árborg fjölgað um nálega 25% á örfáum árum og fyrir löngu er orðið ljóst að hingað sækir í miklum mæli fjölskyldufólk, ekki síst fjölskyldur sem eru í þörf

fyrir mikla og góða þjónustu. Það hefur margoft komið fram í samtölum við ráðherra, embættismenn og önnur sveitarfélög að í Árborg er verið að veita úrvals þjónustu í fjölskyldumálum og er sveitarfélagið í nokkrum nýsköpunarverkefnum með ráðuneytum í félags- og fræðslumálum enda í fararbroddi. Vegna mikillar fjölgunar skólabarna og annarra þjónustuþega eykst þessi kostnaður mjög hjá Árborg og þær félagslegu aðstæður sem fylgja í kjölfar Covid faraldursins gera verkefnið enn fyrirferðarmeira í rekstri sveitarfélagsins.

Sú staðreynd að við blasir að opna bæði nýjan grunnskóla og leikskóla á næsta ári veldur einnig snarpri kostnaðarhækkun hjá sveitarfélaginu.

Það er engum blöðum um það að fletta að milli umræðna um fjárhagsáætlun verður áfram leitað leiða til að draga úr hallanum og þar þurfa bæjarfulltrúar og starfsfólk sveitarfélagsins að taka saman höndum, velta við öllum steinum. Hætt er við að jafnvel þurfi að taka óvinsælar ákvarðanir sem dregið gætu úr þjónustu sveitarfélagsins um tíma.

II Forsendur fjárhagsáætlunar 2021

Eftirfarandi forsendur liggja til grundvallar fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 :

1. Útsvar :
Útsvarsprósenta fyrir árið 2021 verði 14,52 %
2. Verðlag :
Verðbólga 2,7%
3. Aðrar forsendur :
Íbúafjöldi : Gert er ráð fyrir fjölgun íbúa sem nemur 5,6 % á ári.
4. Fasteignagjöld :
Fasteignagjöld fyrir árið 2021 verði lögð á sem hér segir :
 - a. Fasteignaskattur
 - i. A - flokkur Fasteignaskattur íbúðarhúsnæðis eins og þær eru skilgreindar í 3.gr. í lögum nr. 4/1995 verður 0,2544% af heildar fasteignamati.
 - ii. B – flokkur Fasteignaskattur af opinberum byggingum eins og þær eru skilgreindar í 3.gr. í lögum nr. 4/1995 verður 1,32% af heildar fasteignamati.
 - iii. C – flokkur Fasteignaskattur atvinnuhúsnæðis og öðrum eignum eins og þær eru skilgreindar í 3.gr. í lögum nr. 4/1995 verður 1,60% af heildar fasteignamati.

Sérstakur afsláttur er veittur af fasteignaskatti samkvæmt reglum um afslátt til elli- og örorkulífeyrisþega, sjá lið 5 hér að neðan.
 - b. Lóðarleiga
 - i. Almenn lóðarleiga verði 1,0% af fasteignamati lóðar.
 - ii. Lóðarleiga ræktunarlands verði 3,3% af fasteignamati lóðar.
 - c. Vatnsgjald
 - i. Vatnsgjald á íbúðarhúsnæði verði 0,1720% af heildar fasteignamati eignar.
 - ii. Aukavatnsskattur verði lagður á atvinnuhúsnæði samkvæmt mæli og leggst á m³ notkun. Grunnur gjaldsins er 17,8 kr. á m³ miðað við grunnvísitölu september mánaðar 2007. Gjaldið uppreiknast á hverjum gjalddaga.

d. Fráveitugjald

- i. Fráveitugjald er 0,2510% af heildarfasteignamati eignar.
- ii. Gjald fyrir hreinsun rotþróa verður skv. gildandi gjaldskrá.

e. Sorphirðugjald

i. Íbúðarhúsnæði

Á grundvelli laga nr. 7/1998 er sorphirðugjald lagt á hverja íbúð. Sorphirðugjald fyrir íbúðir skal vera sem hér greinir :

Gjaldtegund	120L tunna	240L tunna
Sorphreinsunargjald	28.500 kr	28.500 kr
Sorpeyðingargjald	23.500 kr	36.500 kr
Samtals	52.000 kr	65.000 kr

ii. Sumarhús


Heimild er að veita 50% afslátt frá sorphirðugjaldi íbúðarhúsnæðis.

Gjalddagar fasteignagjalda verði 10 talsins, þeir eru: 1.febrúar, 1.mars, 1.apríl, 1.maí, 1.júní, 1.júlí, 1.ágúst, 1.september, 1.október og 1.nóvember. Eindagi er 30 dögum síðar. Afslættir

- a. Sérstakur afsláttur fyrir elli- og örorkulífeyrisþega verður veittur við álagningu fasteignaskatts og fráveitugjalds á íbúðarhúsnæði skv. reglum þar um.
- b. Veittir verði afslættir til félaga sem starfa að menningar-, íþrótt-, æskulýðs- og tómstundarstarfsemi eða vinna að mannúðarstörfum og reka eigið húsnæði eða leigja til lengri tíma en eins árs fyrir starfseminu skv. reglum þar um.

III Rekstur málaflokka og helstu fjárhagslegar breytingar einstakra málaflokka milli áráanna 2020 og 2021

Á myndinni hér að neðan má sjá hlutfall málaflokka af skatttekjum árið 2021 :



Fræðslu- og uppeldismál eru sem fyrr langstærsti málaflokkurinn en útgjöld fræðslumála nema 66,2,9% af skatttekjum ársins 2021. Félagsþjónustan er með 19,2%, æskulýðs- og íþróttamál eru með 11,4%, sameiginlegur kostnaður er með 5,4% og umferðar- og samgöngumál er með 4,3%.

00 Skatttekjur

Gert er ráð fyrir að skatttekjur á árinu 2021 verði 586,6 millj.kr. hærrí en útkomuspá 2020. Áætlun útsvarstekna er byggð á áætlun ársins 2020. Til hækkunar er notast við forsendur í samræmi við Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands sem kom út 1. október. Þar er gert ráð fyrir 2,7% hækkun verðlags og 2,8% kaupmáttarhækkun launa. Til viðbótar er gert ráð fyrir 5,6% íbúafjölgun og einnig er tekið tillit til atvinnuleysis á svæðinu. Samtals er því reiknað með 8,4% hækkun útsvarstekna. Útsvar samkvæmt áætlun hækkar því um 475 millj.kr. milli ára.

Stofn til útreiknings fasteignagjalda sem innheimt eru á árinu 2021 miðast við fasteignamat eigna sem birt var í sumarbyrjun 2020. Álagningarhlutfall fasteignaskatta er óbreytt á milli ára. Fasteignaskattar hækka um 75 millj.kr. Lóðarleiga hækkar um 4,5 millj.kr. milli ára.

Áætlað er að framlög frá Jöfnunarsjóði hækki um 31,2 millj.kr. frá útkomuspá 2020. Rekstrarframlag grunnskóla lækkar um 65,7 millj.kr. Framlag vegna fasteignaskatts lækkar um 8,4 millj.kr. milli ára. Útgjaldajöfnunarframlag hækkar um 38,9 millj.kr. Framlag vegna sérþarfa fatlaðra nemenda hækkar um 5,2 millj.kr. Tekjujöfnunarframlag lækkar um tæpa milljón og er 100 millj.kr. og framlög vegna nýbúa lækkar um 14,4 millj.kr. Framlag vegna yfirtöku á málefnum fatlaðs fólks hækkar um 76,4 millj.kr. milli ára. Árborg fær greiðslur í gegnum Bergrísann bs. vegna þeirra eininga sem það rekur í þessum málaflokki og koma þær ýmist frá Jöfnunarsjóði eða Bergrísanum (sveitarfélögunum þrettán). Greiðslur sem koma frá Bergrísanum má ekki færa á málaflokk 00 og eru því færðar á málaflokk 02.

02 Félagsþjónusta

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 305,6 millj.kr. frá útkomuspá 2020. Launakostnaður hækkar um 302,7 millj. kr. Framlag vegna skrifstofu félagslegrar þjónustu hækkar um 31,5 millj.kr. vegna stöðugildis í félagslegri ráðgjöf og aukningu í aðkeyptri þjónustu þar sem þjónustuþegum fjölgar á milli ára. Framlag vegna fjárhagsaðstoðar lækkar um 49,6 millj.kr. milli ára en það skýrist af því að launakostnaður vegna Auðlindarinnar færir yfir á nýja deild 02115 Auðlindin, atvinnu- og virkniúrræði. Gríðarleg aukning hefur verið fjárhagsaðstoð og vegna stöðunnar í samfélaginu og er gert ráð fyrir áframhaldandi aukningu árið 2021. Gert er ráð fyrir hækkun á kvarða fjárhagsaðstoðar um 3,5%. Framlag vegna Auðlindarinnar, atvinnu- og virkniúrræði er áætlað 61,2 millj.kr. Framlag til félagslegrar heimaþjónustu lækkar um 4,5 millj.kr. milli ára. Lækkunina má rekja til þess að 4,24 stöðugildi eru færð yfir á 02570 Þjónustumiðstöð Álftarima. Einnig er gert ráð fyrir 3 nýjum stöðugildum en gert er ráð fyrir 8% fjölgun þjónustuþega á árinu. Ráðning tveggja stöðugilda kemur til með að lækka aðkeypta þjónustu um 19 millj.kr. á árinu. Áætlað er að byrja með heimsendan mat fyrir eldri borgara á nýju ári og er kostnaður vegna þess áætlaður 4,4 millj.kr. Framlag til barnaverndar hækkar um 56,6 millj.kr. milli ára. Kostnaðaraukning er aðallega af ráðningu tveggja starfsmanna, teymisstjóra barnaverndar og persónulegum ráðgjafa auk kjarasamningsbundinna hækkana og aukinni aðkeyptri sérfræðiþjónustu. Mikil aukning er í tilkynningum til barnaverndar og því þörf á fleiri starfsmönnum. Framlag vegna Árblik,dagsvist aldraðra hækkar um 21 millj.kr. og má rekja það m.a. til hækkunar á fólksflutningum vegna nýs samnings og hækkunar á innri leigu. Framlag til Vinaminnis hækkar um 44 millj.kr. milli ára. Kostnaðaraukning skýrist af aukningu um 1,5 stöðugildi og hækkun á vöru- og þjónustukaupum við flutning í nýtt og stærra húsnæði. Framlag vegna liðveislu hækkar um 34,7 millj.kr. frá útkomuspá 2020 en starfsemin hefur verið í lágmarki í ár vegna Covid. Framlag vegna frístundaklúbbsins Kotsins hækkar um 7,6 millj.kr. vegna kjarasamninga. Framlag vegna lengdrar viðveru

framhaldsskólanema hækkar um 9,6 millj.kr. milli ára vegna fjölgunar þátttakenda. Framlag til heimilisins Vallholti 12-14 hækkar um 20 mill.kr. og má rekja hækkunina til aukningu á stöðugildum um 1,14 vegna aukinnar þjónustubarfar íbúa. Þjónustumiðstöð Álftarima lækkar um 130 millj.kr. frá útkomuspá þar sem NPA samningar og beingreiðslusamningar eru nú færðir á sér deild 02565.

04 Fræðslu- og uppeldismál

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 828 millj.kr. frá útkomuspá. Launakostnaður hækkar um 765 millj. kr. Annar rekstrarkostnaður hækkar um 148 millj.kr. milli ára. Framlag til skrifstofu fræðsluviðs hækkar um 21 millj.kr. og má rekja það til ráðningu talmeinafræðings í 100% starf og ráðningu þverfaglegs kennsluráðgjafa frá 1 ágúst 2021. Framlög til allra leikskóla hækka umtalsvert vegna kjarasamninga og beiðni um aukin stöðugildi vegna aukins undirbúnings starfsmanna, aukins orlofsréttar starfsmanna og veikinda. Nýr leikskóli, Goðheimar, tekur til starfa á árinu en áætlað er að opna þrjár deildir 1. mars 2021 og aðrar þrjár í ágúst 2021. Áætlað framlag til Goðheima er 192 millj.kr. Framlög til Sunnulækjarskóla, Vallaskóla og Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri hækka einnig umtalsvert á árinu vegna kjarasamninga. Gert er ráð fyrir að nýr skóli, Stekkjaskóli, taki til starfa haustið 2021 og þar byrji nemendur í 1. – 4. bekk. Áætlað framlag til Stekkjaskóla er 128 millj.kr. Framlag til Sérdeildar hækkar um 34 millj.kr. milli ára vegna kjarasamningshækkana. Endurgreiðslur vegna leikskólabarna hækka um 2 millj.kr. og endurgreiðslur vegna grunnskólabarna lækka um 5,6 millj.kr. Námsvistargjöld í leikskólum og grunnskólum lækka lítillega. Framlög til frístundaheimilanna þriggja hækka milli ára en mismikið þó. Mest er aukningin í Bifröst vegna aukningu um 1 stöðugildi vegna fjölgunar barna með stuðning. Í tengslum við nýjan skóla, Stekkjaskóla, er gert ráð fyrir nýju frístundaheimili og er áætlað framlag 13,6 millj.kr. Gert er ráð fyrir því að eingöngu börn í 1. – 2. bekk nýti þjónustuna en börn í 3. – 4. bekk fari í Bifröst. Framlög til tónlistarskóla hækka lítillega milli ára. Aðrir liðir ýmist hækka eða lækka lítillega milli ára.

05 Menningarmál

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 30 millj.kr. frá útkomuspá. Framlag til bókasafna Árborgar hækkar um 9,8 millj.kr. Framlag til annarra safna hækkar í heil um 7,8 millj.kr.. Framlag til hátíðarhalda hækkar um 8,2 millj.kr. Aðrir liðir breytast lítillega.

06 Æskulýðs- og íþróttamál

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 122 millj.kr. frá útkomuspá. Framlag til yfirstjórnar æskulýðs- og íþróttamála hækkar um 14,5 millj.kr. sem skýrist m.a. af hækkun vegna samninga um frístundaakstur. Framlag til Sundhallar Selfoss stendur í stað milli ára en tekjur aukast umtalsvert bæði vegna aukningu þjónustunotenda og hækkun í reiknuðum afnotum. Reiknaðir styrki til íþróttafélaga í Árborg hækka um 35 millj.kr. Þessi hækkun er í takt við rekstrartölur íþróttahúsanna en þetta er reiknaður styrkur vegna notkunar íþróttafélaganna á mannvirkjunum. Styrkir til æskulýðs- og íþróttamála hækka um 38,6 millj.kr., frístundastyrkur er óbreyttur frá 2020, 45.000 kr. pr barn á aldrinum 5 ára – 17 ára. Aðrir liðir ýmist lækka eða hækka lítillega milli ára.

07 Bruna- og almannavarnir

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 14 millj.kr. frá útkomuspá 2020. Framlag til Brunavarna Árnessýslu hækkar um 16 millj.kr. milli ára og framlag til Almannavarna Árnessýslu lækkar um 1,5 millj.kr. milli ára.

08 Hreinlætismál

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 44 millj.kr. frá útkomuspá 2020. Gert er ráð fyrir sömu forsendum og á árinu 2020 en lægri kostnaður hefur fallið til það sem af er ári.

09 Skipulags- og byggingarmál

Fjárheimildir til málaflokksins lækka um 43 millj.kr. frá útkomuspá. Framlag vegna skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa lækkar um 14,7 millj.kr. vegna lækkunar á verkfræði- og arkitektþjónustu um 7,7 millj.kr. og einnig vegna fækkunar um 1 stöðugildi. Framlag til aðalskipulags hækkar um 2 millj.kr. Framlag til deilisskipulags hækkar um tæpa 1 millj.kr. Framlag til byggingareftirlits hækkar um 30 millj.kr. milli ára vegna lækkunar á tekjum og fjölgunar um 2 stöðugildi frá útkomuspá 2020. Framlög til lóða og lendna lækkar um 64 millj.kr vegna seldra lóða vegna þéttingar byggðar.

10 Umferðar- og samgöngumál

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 34 millj.kr. frá útkomuspá. Viðhald gatna hækkar um 35 millj.kr. en íbúafjölgun og stækkun sveitarfélagsins hefur bein áhrif á þessa deild bæði í formi aukinnar umferðar sem og stækkunar á gatnakerfi undanfarin ár. Snjómokstur lækkar um 25 millj.kr. Strætó hækkar um 18 millj.kr. Aðrir liðir breytast lítillega milli ára.

11 Umhverfismál

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 103 millj.kr. frá útkomuspá..Ýmis opin svæði hækka um 95 millj.kr. sem rekja má til hækkunar á millifærði eigin vinnu vegna Vinnuskólans meðal annars. Aðrar deildir breytast lítillega á milli ára ýmist til hækkunar, lækkunar eða standa í stað.

13 Atvinnumál

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 4,8 millj.kr. frá útkomuspá. Framlag til landbúnaðar hækkar um 1,9 millj.kr. og framlag til tjaldsvæða hækkar um 2,1 millj.kr. Aðrar deildir ýmist hækka eða lækka lítillega milli ára.

21 Sameiginlegur kostnaður

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 62,5 millj.kr. frá útkomuspá. Framlag til bæjarstjórnar hækkar um 3,4 millj.kr. sem rekja má til kjarasamninga. Framlag til skrifstofu sveitarfélagsins hækkar um 36,6 millj.kr. Tekjur deildarinnar hækka um 17 millj.kr. Laun hækka um 36,6 millj.kr. vegna kjarasamninga og nýs stöðugildis deildarstjóra launadeildar. Rekstrarkostnaður hækkar um 17 millj.kr. Vörukaup lækka um 770 þús.kr. og þjónustukaup hækka um 17,7 millj.kr. Innheimtukostnaður staðgreiðslu og kostnaður vegna FMR hækkar um 5,3 millj.kr. og reiknuð afnot húsnæðis hækkar um 6,5 millj.kr. Framlag vegna heimasíðu og kynningarmála lækkar um 760 þús.kr. Starfsmannakostnaður hækkar um 8,8 millj.kr. m.a. vegna jafnlaunavottunar, starfsmannakönnunar, námskeiða, jólagjafa og árshátíðar starfsmanna.. Aðrar deildir ýmist hækka eða lækka lítillega milli ára.

IV Nokkrar lykiltölur

Rekstur :

Fjárhagsáætlun sem nú liggur fyrir til fyrri umræðu gerir ráð fyrir að rekstrarniðurstaða samstæðunnar án afskrifta og fjármagnsliða sé jákvæð um 476,6 millj.kr. Afskriftir eru áætlaðar 696 millj.kr., fjármagnskostnaður nettó er áætlaður 623 millj.kr. Heildarniðurstaða samstæðunnar er því neikvæð um 842,4 millj.kr.

Áætlunin gerir ráð fyrir að samanlagðar tekjur A og B hluta verði 12.741 millj.kr. á árinu 2021. Hlutur skatttekna (útsvar, fasteignagjöld og Jöfnunarsjóður) í samanlögðum tekjum í A hluta er 8.833 millj.kr. eða 80,86%.

Samkvæmt áætluninni þá verða skatttekjur (útsvar, Jöfnunarsjóður og fasteignaskattur) á íbúa 776 þús.kr. og heildareignir á íbúa verða 2.268 þús.kr.

Veltufé samstæðunnar frá rekstri er áætlað 403,6 millj.kr. Afborganir lána eru áætlaðar 1.328,5 millj.kr. Heildarlaunakostnaður er áætlaður 7.468 millj.kr. sem er 58,6% af heildartekjum og 84,5% af skatttekjum en sveitarfélagið er stór vinnuveitandi með um 958 starfsmenn í 797 stöðugildum. Annar rekstrarkostnaður er áætlaður um 4.631 millj.kr.

Fjárfestingar :

Fjárfestingar ársins eru áætlaðar 4.344 millj.kr. Afborganir lána eru áætlaðar 1.328 millj.kr. og nýjar lántökur eru áætlaðar 5.770 millj.kr. Í töflunni hér að neðan má sjá skiptingu helstu framkvæmda á málaflokka

Helstu framkvæmdir og fjárfestingar árið 2021	
Eignasjóður :	
Félagsþjónusta	45.000.000
Heilbrigðismál	280.000.000
Fræðslu- og uppeldismál	189.000.000
Menningarmál	52.000.000
Æskulýðs- og íþróttamál	47.000.000
Hreinlætismál	40.000.000
Umferðar- og samgöngumál	219.500.000
Umhverfismál	37.000.000
Sameiginlegur kostnaður	4.000.000
Þjónustustöð :	
Tækja- og bílakaup	41.000.000
Fasteignafélag Árborgar :	
Stekkjaskóli	1.350.000.000
Goðheimar	330.000.000
Fjölnota íþróttahús	650.000.000
Fráveita :	212.000.000
Vatnsveita :	172.000.000
Selfossveitur :	585.000.000

Greinargerð með 3ja ára fjárhagsáætlun fyrir árin 2022- 2024

Hér er lögð fram í bæjarstjórn Árborgar þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Sveitarfélagsins Árborgar fyrir árin 2022– 2024

Þriggja ára áætlun er ekki staðfest fjárhagsáætlun fyrir árin 2022-2024 heldur yfirlit yfir það sem er á dagskrá þessi ár. Við fjárhagsáætlanagerð hvers árs fer fram nánari útfærsla á þriggja ára áætlun miðað við þær forsendur sem þá liggja fyrir og því geta fjárhæðir og framkvæmdahraði vegna einstakra verkefna breyst frá því sem fram kemur í þriggja ára áætlun hverju sinni.

Samkvæmt lögum fer þriggja ára áætlun í tvær umræður í bæjarstjórn. Áætlunin sem nú liggur fyrir getur því tekið breytingum milli umræðna en seinni umræða er áætluð þann 16. desember næstkomandi.

Almenna reglan er að tölulegur hluti fjárhagsáætlunar ræður ef misræmi kann að vera á milli texta í greinargerð og tölulega hlutans.

Helstu forsendur áætlunar 2022 – 2024

Til að unnt sé að setja fram áætlunina hafa ákveðnar forsendur verið lagðar til grundvallar. Þriggja ára áætlun er byggð á áætlun ársins 2021. Gert er ráð fyrir óbreyttum rekstri allra málaflokka næstu 3 árin fyrir utan aukningu um eina bekkjardeild í nýjum skóla á hverju ári en skólinn tekur til starfa í ágúst 2021.

Íbúapróun

Í áætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2021 er gert ráð fyrir fjölgun íbúa sem nemur 5,6 % á ári og í þriggja ára áætlun er gert ráð fyrir að íbúum fjöldi um rúm 5% árin 2022 og 2023 en tæp 5% árið 2024.

Skatttekjur

Áætlun á skatttekjum er byggð á áætlun ársins 2021 en gert er ráð fyrir hækkun sem nemur 11,2% árið 2022, 10,3% árið 2023 og 10% árið 2024 og er það byggt á hækkun verðlags, kaupmáttarhækkun launa og íbúafjölgun þar sem tekið er mið af aldurs- og kynskiptingu íbúa þessara ára. Áætlun þessi er unnin skv. Þjóðhagspá Hagstofu Íslands og einnig spálíkani frá Talnakönnun sem unnin var í október 2020 fyrir sveitarfélagið.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Áætlun á framlögum Jöfnunarsjóðs er byggð á áætlun ársins 2021 og hækkar sem nemur hækkun verðlags á tímabilinu eða um 2,6 % árið 2022 og 2,5 % árin 2023 og 2024.

Fasteignaskattur

Áætlun á fasteignaskatti byggir á áætlun 2021 og hækkar um 8,5% árið 2022, 8,3 % 2023 og 8,10 % árið 2024 og er það byggt á hækkun fasteignamats og magnaukningu á svæðinu á tímabilinu.

Þjónustutekjur

Áætlun þjónustutekna er byggð á áætlun ársins 2021 og hækkar sem nemur hækkun verðlags á tímabilinu eða um 2,6 % árið 2022 og 2,5 % árin 2023 og 2024.

Laun

Áætlun launa og launategdra gjalda er byggð á launaáætlun ársins 2021 og tekur hækkunum á tímabilinu sem nemur hækkun verðlags og kaupmáttarhækkun launa. Laun hækka því um 5,2% árið 2022, 4,1% árið 2023 og 4,2% árið 2024. Þessu til viðbótar eykst launakostnaður sem nemur aukningu um eina bekkjardeild í Stekkjaskóla árin 2022 – 2023.

Rekstrarkostnaður

Áætlun rekstrarkostnaðar er byggð á áætlun ársins 2021 og hækkar sem nemur hækkun verðlags á tímabilinu eða um 2,6 % árið 2022 og 2,5% árin 2023 og 2024.

Helstu niðurstöður áætlunar 2021 – 2024.

Samantekinn A og B hluti	Fjárhæðir í þús. kr.			
	Áætlun 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024
Rekstrarreikningur				
Tekjur	12.741.096	13.591.497	14.837.549	15.431.334
Gjöld	-12.960.425	-13.776.248	-14.367.515	-14.960.872
Fjármagnsliðir	-623.065	-787.131	-911.956	-1.014.166
Tekjuskattur	-12	0	0	0
Rekstrarniðurstaða	-842.407	-971.882	-441.921	-543.705
Efnahagsreikningur				
Eignir	24.927.925	28.100.550	30.447.339	32.061.601
Eigið fé	4.398.634	3.426.752	2.984.830	2.441.126
Skuldir	20.529.292	24.673.799	27.492.509	29.620.476
Sjóðstreymi				
Veltufé frá rekstri	403.651	496.630	1.212.644	1.265.253
Fjárfestingar	4.344.500	4.058.000	3.426.000	2.658.000
Ný langtímalán	5.770.000	5.430.000	4.510.000	4.020.000
Afborganir langtímalána	-1.328.534	-1.811.375	-2.289.262	-2.553.973

Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir eru reiknaðir miðað við þau vaxtakjör sem sveitarfélagið býr við. Við útreikning á fjármagnskostnaði er gert ráð fyrir hækkun vísitölu um 2,6 % árið 2022, 2,5% árið 2023 og 2,5% árið 2024 sem er skv. Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands sem gefin var út 1. október síðastliðinn.

Fjárfestingar

Gert er ráð fyrir fjárfestingum fyrir 4.058 millj.kr. árið 2022, 3.426 millj.kr. árið 2023 og 2.658 millj.kr. árið 2024.

Lántökur

Ný langtímalán á árunum 2022 -2024 eru áætluð 13.960 millj.kr. og niðurgreiðslur eldri lána eru áætlaðar á sama tímabili 6.655 millj.kr.